

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnartillaga.

Tillaga til þingsályktunar

um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024 – 2028.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að fram til ársins 2028 skuli unnið að eflingu barnamenningar í samræmi við eftirfarandi aðgerðaáætlun. Tekið skal mið af aðgerðaáætluninni við gerð fjárlaga og fjármálaáætlunar fyrir árin 2024–2028, sbr. lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

I. FRAMTÍÐARSÝN, MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

Menningarlæsi, menningarþátttaka og miðlun menningararfs verði veigamikil atriði í uppveksti og skólastarfi barna og ungmenna. Starfsemi á þessu sviði endurspegli fjölbreytta samsetningu þjóðarinnar og þá alþjóðlegu menningu sem býr í íslensku samfélagi.

Alþingi ályktar að markmið aðgerðaáætlunar þessarar sé í fyrsta lagi að auka samhæfingu og efla stefnumótun á sviði barnamenningar, í öðru lagi að auka framboð lista, menningar- og listfræðslu fyrir börn og ungmenni og í þriðja lagi að festa í sessi starfsemi barnamenningarverkefnisins List fyrir alla og Barnamenningarsjóðs Íslands.

II. AÐGERÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2024–2028

Alþingi ályktar að aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028 leggi megináherslu á að börn og ungmenni verði virkir þátttakendur í íslensku menningarlífi og barnamenning stór hluti þess.

Áhersla verði lögð á eftirfarandi viðfangsefni sem greinast í aðgerðir:

- Stefnumótun, stjórnsýsla og framkvæmd verkefna á sviði menningar og listsköpunar barna og ungmenna.
- Framboð lista, menningar og listfræðslu fyrir börn og ungmenni.
- Barnamenningarsjóð Íslands.

A. Stefnumótun, stjórnsýsla og framkvæmd verkefna á sviði menningar og listsköpunar barna og ungmenna.

A.1. Samráðsvettvangur um menningu og listsköpun barna og ungmenna.

Ráðherra sem fer með menningarmál skipi samráðsvettvangur ráðuneyta, sveitarfélaga, menningarstofnana og annarra hagaðila um gerð tillögu um stefnumótun og stjórnsýslu verkefna á sviði menningar og listsköpunar barna og ungmenna. Í tillögum samráðsvettvangsins verði m.a. lögð áhersla samþættingu barnamenningar við starfsemi opinberra menningarstofnana og miðstöðva listagreina annars vegar og við skólastarf hins vegar.

- *Mælikvarði: Ráðherra skipi samráðsvettvang vorið 2023 sem skili tillögum að stefnu um samþættingu barnameningar við starfsemi opinberra menningarstofnana og –miðstöðva listagreina og starfsemi skólaþjónustu til farsældar barna í lok ársins 2024.*
- *Kostnaðaráætlun: Innan ramma.*
- *Ábyrgðaraðili: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.*
- *Dæmi um samstarfsaðila: Bandalag íslenskra listamanna, Kennarasamband Íslands, mennta- og barnamálaráðuneytið, Listaháskóli Íslands, miðstöðvar listagreina, Miðstöð barnameningar, Reykjavíkurborg, RÚV, Samband íslenskra sveitarfélaga, stofnanir sviðslista og tónlistar auk höfuðsafna.*

A.2. Miðstöð barnameningar

Miðstöð barnameningar verði komið á fót og falin yfirumsjón með starfsemi barnameningarverkefnisins List fyrir alla og Barnmenningarsjóðs Íslands. Ráðherra sem fer með menningarmál skipi fimm manna stjórn miðstöðvarinnar til fjögurra ára. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa, Bandalag íslenskra listamanna einn fulltrúa og Umboðsmaður barna einn fulltrúa. Ráðherra skipi tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður. Ráðherra skipi framkvæmdarstjóra sem veitir miðstöðinni forstöðu og ráði sérfræðing til starfa á skrifstofu miðstöðvarinnar.

- *Mælikvarði: Miðstöð barnameningar verði komið á fót á árinu 2023.*
- *Kostnaðaráætlun: Kostnaður greiðist af ráðuneyti menningarmála, fjárhæð 20 millj.kr. á ársgrundvelli árin 2024 – 2028.*
- *Ábyrgðaraðili: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.*
- *Dæmi um samstarfsaðila: Bandalag íslenskra listamanna, Kennarasamband Íslands, mennta- og barnamálaráðuneytið, miðstöðvar listagreina, Miðstöð barnameningar, Reykjavíkurborg, RÚV, Samband íslenskra sveitarfélaga, stofnanir sviðslista og tónlistar auk höfuðsafna.*

B. Framboð menningar- og listfræðslu fyrir börn og ungmenni..

B.1. Barnameningarverkefnið List fyrir alla

Framboð á fjölbreyttum og vönduðum menningar- og listviðburðum fyrir börn og ungmenni verði tryggt með rekstri barnameningarverkefnisins List fyrir alla. Verkefnið stuðli að virkum tengslum skólastarfs og menningar- og listalífs og leggi höfuðáherslu á listir og menningu fyrir börn og með börnum.

- *Mælikvarði: Börn og ungmenni fái tækifæri til að upplifa að minnsta kosti tvo listviðburði á ári fyrir tilstilli verkefnisins.*
- *Kostnaðaráætlun: Málaflokkur 18, málefnasvið 18.3, 20 millj.kr. á ársgrundvelli árin 2024 – 2028.*
- *Ábyrgðaraðili: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.*
- *Dæmi um samstarfsaðila: Fræðslu- og menningarsvið sveitarfélaga, grunnskólar, listgreinakennarar, listamenn og svæðisbundin ungmennaráð.*

B.2. Valnefnd barnameningarverkefnisins List fyrir alla

Á vegum barnamenningarverkefnisins List fyrir alla skal starfrækt þriggja manna valnefnd fagfólks sem árlega velur listverkefni sem fyrir tilstilli List fyrir alla er miðlað til skóla. Valnefndin skal skipuð til tveggja ára í senn og skal hún setja sér skýr viðmið og vinnureglur um val verkefna. Valnefnd skal gæta að fjölbreyttum viðburðum ólíkra listgreina sé miðlað á vegum List fyrir alla.

- *Mælikvarði: Viðmið og vinnureglur valnefndar liggi fyrir í byrjun árs 2024.*
- *Kostnaðaráætlun: Innan ramma.*
- *Ábyrgðaraðili: Miðstöð barnamenningar.*
- *Dæmi um samstarfsaðila: Bandalag íslenskra listamanna, Kennarasamband Íslands, stjórn og framkvæmdastjóri miðstöðvar barnamenningar.*

C. Barnamenningarsjóður Íslands

C.1. Markmið og hlutverk Barnamenningarsjóðs Íslands

Barnamenningarsjóður Íslands, sem stofnaður var með þingsályktun nr. 32/148, verði varanlegur sjóður og njóti framlaga af fjárlögum, 120 millj. kr. á ári. Barnamenningarsjóður hafi að markmiði að fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Jafnframt skal lögð áhersla á verkefni sem efli samfélagsvitund og stuðli að lýðræðislegri þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og verkefni er stuðli að innleiðingu barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Ráðherra sem fer með menningarmál skipi fimm manna stjórn sjóðsins og fimm varamenn til ársloka 2028. Einn fulltrúi verði skipaður samkvæmt tillögu frá forsætisráðherra, einn samkvæmt tillögu frá embætti umboðsmanns barna, einn samkvæmt tillögu frá Bandalagi íslenskra listamanna og einn samkvæmt tillögu frá ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Ráðherra sem fer með menningarmál skipi formann sjóðstjórnar og setji reglur um starfsemi sjóðsins, sem birtar verði í Stjórnartíðindum. Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands, sjái um umsýslu og vörslu sjóðsins.

- *Mælikvarði: Árleg úthlutun úr sjóðnum fer fram á degi barnsins, síðasta sunnudag maímánaðar.*
- *Kostnaðaráætlun: 120 millj. kr. á ársgrundvelli árin 2024 – 2028.*
- *Ábyrgðaraðili: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.*
- *Dæmi um samstarfsaðila: Banalag íslenskra listmanna, embætti umboðsmanns barna, forsætisráðuneytið, Miðstöð barnamenningar, Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands og ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.*

D. Eftirfylgni, mat á árangri og endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar

D.1. Eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd.

Ráðuneyti menningarmála beri ábyrgð á samhæfingu vegna framkvæmdar áætlunar þessarar og eftirfylgni með henni. Aðilar sem bera ábyrgð á aðgerðum í áætluninni verði árlega, og oftast ef þurfa þykir, boðaðir til samráðsfundar um framvindu aðgerðanna.

Mælikvarði um menningarneyslu barna og ungmenna sem er hluti af velsældarvísunum stjórnvalda verði hafður til hliðsjónar við mat á eftirfylgni aðgerða.

D.2. Endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

Ráðherra sem fer með menningarmál leggi aðgerðaáætlun fyrir árin 2028–2032 fyrir Alþingi eigi síðar en að fjórum árum liðnum. Ráðuneyti menningarmála vinni að áætluninni og byggji á tillögum samráðsvettvangs um menningu og listsköpun barna og ungmenna í samræmi við aðgerð A.1.

Greinargerð.

Forsætisráðherra leggur tillögu þessa til þingsályktunar fram og ber ásamt ráðuneyti menningarmála á henni stjórnsýslulega ábyrgð. Hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir og samtök bera ábyrgð á framkvæmd hennar eftir því sem við á.

I. FORSAGA

Alþingi samþykkti á 141. löggjafarþingi árið 2013 þingsályktun um sérstaka stefnu íslenska ríkisins á sviði lista og menningararfs. Í stefnunni eru fjórir meginþættir lagðir til grundvallar markmiðum hennar þ.m.t. þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu. Í kjölfarið hefur verið unnið að ýmsum verkefnum líkt og barnameningarverkefninu List fyrir alla og var Barnameningarsjóður Íslands endurvakinn með ályktun Alþingis á árinu 2018. Á árinu 2014 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið aðgerðaáætlun um menningu barna- og ungmenna sem náði til ársins 2017 og byggði á menningarstefnunni frá 2013. Meðal verkefna hennar sem hrint var í framkvæmd var barnameningarverkefnið List fyrir alla sem árlega býður grunnskólanemendum upp á listviðburði. Í áætluninni var jafnframt kveðið á um nauðsyn þess að gera gagnskör í að bæta sjóðaumhverfi barnameningar, annars vegar með varanlegum barnameningarsjóði og hins vegar þannig að opinberir menningarsjóðir leggi reglulega sérstaka áherslu á barnameningu í úthlutunum og hvetji þannig samfélag listafólks til nýsköpunar á þeim vettvangi. Frá gildistíma áætlunarinnar hefur ekki verið mótuð ný áætlun sem fylgir eftir markmiðum menningarstefnu um eflingu barnameningar. Fjölmargir starfshópar hafa þó kallað eftir henni, einkum til að festa meg í sessi mikilvæg verkefni sem hafa að markmiði að börn og ungmenni séu ávallt virkir þátttakendur í íslensku menningar- og listalífi.

Í september 2021 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið Menningarsókn – aðgerðaáætlun til ársins 2030. Áætlunin er byggð á menningarstefnu frá árinu 2013 og kveður á um 18 aðgerðir sem styðja markmið hennar en fjallar að auki um ný markið og nýjar áherslur. Til grundvallar liggja fimm meginmarkmið sem aðgerðirnar falla undir; aðgengi og þátttaka, traust í síbreytilegum heimi, menntun og menning, stjórnsýsla og sjóðakerfi og alþjóðlegt menningarstarf. Undir markmiði um aðgengi og þátttöku sem ætlað er að endurspegla fjölbreytta samsetningu þjóðarinnar og þá alþjóðlegu menningu sem hér þrífst segir m.a. að börn og ungmenni eigi að hafa forgang sem þátttakendur og neytendur í íslensku menningarlífi og að barnamening verði stór hluti þess. Víða um land eigi að fara fram öflugt starf fyrir börn og ungmenni á ýmsum sviðum menningar og lista. Jafnframt er kveðið á um mikilvægi þess að miðla listum og menningu á fyrstu stigum skólagöngu og veita börnum þannig tækifæri til að upplifa list og menningu. Meðal aðgerða undir þessu markmiði er að barnameningarverkefnið List fyrir alla verði gert að varanlegu verkefni

þannig að allir aldurshópar í leik- og grunnskólum fái tækifæri til að upplifa að minnsta kosti tvo listviðburði árlega fyrir tilstilli þess.

Barnamenningsráðgjafi Íslands var stofnaður í samræmi við ályktun Alþingis nr. 32/148 á hátíðarfundum á Þingvöllum sem haldinn var 18. júlí 2018 í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Ályktunin var lögð fyrir Alþingi af formönnum þeirra stjórnsmálaflokka sem þá áttu sæti á Alþingi. Sjóðnum voru tryggð framlög á fjárlögum til fimm ára, 2019–2023, 100 milljónir króna á ári. Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá nóvember 2021 segir að sérstök áhersla verði lögð á að börn og ungmenni nýti tungumálið í leik og námi með auknu framboði af nýju námsefni á íslensku og með því að hlúa að barnamenningu. Í kafla um menningarmál er kveðið á um það markmið ríkisstjórnarinnar að hrinda Menningarsókn – aðgerðaáætlun til 2030 í framkvæmd og að Barnamenningsráðgjafi Íslands verði festur í sessi.

Hér á landi er víðtækt stuðningskerfi fyrir listafólk og menningartengda starfsemi. Starfsemi á sviði menningar og starfsumhverfi listafólks hefur samfara samfélagslegum breytingum þróast mikið á undanförunum árum og leitt til þess að rétt er að huga að úrbótum á ýmsum sviðum. Hafa verður í huga þá menningarlegu fjölbreytni sem býr í íslensku samfélagi og mikilvægi þess að menningarlífið endurspegli hana. Í því samhengi er mikilvægt að efla menningarlæsi í samfélaginu og tryggja öllum börnum og ungmennum aðgengi að menningarupplifunum og listfræðslu við hæfi. Fjölbreytni í menningarlífi stuðlar að jöfnuði og aukinni velsæld í samfélaginu.

Í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar skipaði forsætisráðherra í mars 2022 starfshóp um mótun tillögu um framtíðarstefnumótun um eflingu barnamennningar og meta árangur af starfsemi Barnamenningsráðgjafa frá árinu 2018. Þá var starfshópnum falið að meta samlegðaráhrif eða aukið samstarf sjóðsins við barnamennningarverkefnið List fyrir alla. Formaður starfshópsins var Henný Hinz, aðstoðarmaður ríkisstjórnarinnar. Í hópnum áttu auk hennar sæti Baldur Þórir Guðmundsson, fulltrúi menningar- og viðskiptaráðuneytis, Elfa Lilja Gísladóttir, fulltrúi barnamennningarverkefnisins List fyrir alla, Erling Jóhannesson, fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna og Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi stjórnar Barnamenningsráðgjafa Íslands. Rósa Guðrún Erlingsdóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu var starfsmaður hópsins. Starfshópurinn skilaði tillögu sinni til forsætisráðherra í janúar 2023 og í framhaldi var hún kynnt í ríkisstjórn. Aðgerðaráætlun þessi byggir á tillögu starfshóps um framtíðarstefnumótun um eflingu barnamennningar, þingsályktun um menningarstefnu íslenska ríkisins frá 2013 og Menningarsókn – aðgerðaáætlun í menningarmálum til ársins 2030 en barnamennning er, líkt og rakið hefur verið hér að ofan, meðal megináherslna beggja stefna.

II. FRAMTÍÐARSÝN OG MARKMIÐ

Framtíðarsýn.

Í tillögunni er sett fram sú framtíðarsýn að menningarlæsi, menningarþátttaka og miðlun menningararfs verði veigamikill þáttur í uppveksti og skólastarfi barna og ungmenna um land allt. Mikilvægt er að tryggja jafnt aðgengi og þátttöku barna og ungmenna í menningarlífi. Það eykur þeim víðsýni og umburðarlyndi og eflir vitund þeirra um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Til barnamennningar teljast verkefni og starfsemi á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og / eða með virkri þátttöku barna.

Markmið og áherslur.

Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar er að auka samhæfingu hlutaðeigandi aðila, efla stefnumótun á sviði barnamenningar og samþættingu hennar við starfsemi opinberra menningarstofnana og -sjóða sem leggi reglulega áherslu á barnamenningu við úthlutanir og hvetji þannig samfélag listafólks til nýsköpunar á þessum vettvangi. Áhersla er jafnframt lögð á aukið framboð lista, menningar- og listfræðslu fyrir börn og ungmenni og lagt til að fest verði í sessi starfsemi barnamenningarverkefnisins List fyrir alla og Barnamenningarsjóðs Ísland.

Afmörkun og framkvæmd.

Aðgerðaáætluninni sem hér er gerð tillaga um er ætlað að stuðla að virkri þátttöku barna og ungmenna í menningar- og listarlífi, eflingu listfræðslu og fjölbreytni í skólastarfi. Lögð er áhersla á að opinberar menningarstofnanir, listhópar og félagasamtök stofni til samstarfs við skóla eftir fremsta megni og að skólar sækji einnig í þau samskipti. Með þeim hætti er undirstrikað að skólar gegna víðtæku hlutverki í menningarlífi landsmanna, ekki síst í tengslum við miðlun menningararfs, listfræðslu og eflingu á menningarlæsi barna og ungmenna. Aðgerðunum er aukinheldur ætlað að endurspegla fjölbreytileika mannlífsins og þá alþjóðlegu menningu sem býr í íslensku samfélagi.

Farsæl framkvæmd aðgerða í áætlun þessari ræðst af nánu samstarfi allra hlutaðeigandi aðila, ekki síst ríkis, sveitarfélaga, skóla, opinberra menningarstofnana og annarra aðila sem njóta opinbers stuðnings á sviði menningarmála, listafólks og ungmenna. Því er lagt til að komið verði á samráðsvettvangi helstu aðila um stefnumótun og framkvæmd á menningarstarfi fyrir börn og ungmenni sem hafi að markmiði að auðga bæði skólastarf og menningarlíf hér á landi. Í tillögum samráðsvettvangsins verði m.a. lögð áhersla á samþættingu barnamenningar við starfsemi opinberra menningarstofnana og miðstöðva listgreina annars vegar og við skólastarf hins vegar. Samráðið verði jafnframt vettvangur samskipta stofnana, listafólks og barna og ungmenna um verkefni á sviði menningar sem hönnuð eru fyrir börn og ungmenni eða unnin í samstarfi við þau. Þannig má stuðla að auknum tækifærum listafólks, sem skapar list sem höfðar til barna og ungmenna á mismunandi aldri og með ólíkan bakgrunn og áhugasvið, og tengja hana við skólastarf.

Gerð er tillaga um að verkefnið List fyrir alla verði varanlegt verkefni sem hefur það meginhlutverk að miðla listkynningum og menningarverkefnum í skólum landsins, gjarnan í samstarfi við opinberar menningarstofnanir. Listheimsóknir verði þannig sjálfsagður hluti skólastarfs á meðan skólaskylda varir og reglulegir listviðburðir hluti af daglegu lífi barna og ungmenna.

Tillagan kveður á um að Barnamenningarsjóður Íslands verði varanlegur sjóður sem njóti framlaga af fjárlögum. Meginhlutverk Barnamenningarsjóðs Íslands verður að styrkja menningarverkefni fyrir börn og ungmenni, einkum verkefni listamanna, list- og menningartengdra stofnana, félagasamtaka og annarra sem sinna lista- og menningarstarfi í samræmi við opinbera menningarstefnu. Þá felur tillaga þessi í sér að sett verði á fót Miðstöð barnamenningar sem hafi yfirumsjón með starfsemi barnamenningarverkefnisins List fyrir alla og Barnamenningarsjóðs Íslands.

III. UMGJÖRÐ OG STJÓRNSÝSLA SJÓÐA Á SVIÐI MENNINGARMÁLA OG MIÐSTÖÐVA LISTGREINA.

Sjóðir á sviði menningarmála og listgreina heyra undir yfirstjórn menningar- og viðskiptaráðherra. Fyrirkomulag við umsýslu sjóða er mismunandi og þjóna þeir ólíkum tilgangi. Miðstöðvar listgreina gegna mikilvægu hlutverki hver á sínu sviði. Þær hafa þróast hver á sinn hátt, eiga mislanga sögu, ólíka tilurð og eru rekstrarformin ólík.

Nokkrir sjóðir eru í umsýslu miðstöðva mismunandi listgreina en aðrir starfa samkvæmt samningum við ráðuneyti menningarmála. Undanfarin ár hefur verið kannað hvaða leiðir væru færar til að efla samstarf miðstöðva listgreina og annars þess sem undir málaflokkinn heyrir s.s. umsýsla sjóða og menningarkynningar erlendis. Árið 2018 var ríkisstjórn kynnt skýrslan „Kynningarmiðstöðvar listgreina, sameining eða aukið samstarf“, og í framhaldinu stóð ráðherra fyrir samráði við hagsmunaaðila og skipaði starfshóp sem fékk m.a. það hlutverk að útfæra til hlítar stofnun í stjórnsýslunni sem gerð var tillaga um í áðurnefndri skýrslu.

Starfshópurinn greindi landslag og fjármuni innan hvernar listgreinar fyrir sig og skilaði niðurstöðum um hvernig best væri að efla stjórnsýslu menningarmála með það að markmiði að ná fram markvissum samlegðaráhrifum og einföldun á stuðningskerfi menningar og lista. Starfshópurinn lagði til að stofnuð yrði Miðstöð lista sameina átti allar kynningarmiðstöðvar listgreina. Að auki lagði hópurinn til einföldun á stuðningskerfi menningar og lista með því að sameina alla sjóði í einn deildaskiptan og öflugan sjóð, Menningarsjóð Íslands. Í tillögu starfshópsins var barnamenning ein þeirra þverfaglegu áherslna sem Miðstöð menningar var ætlað að starfa samkvæmt. Frá þeim tíma sem liðinn er hefur ekki verið ráðist í að sameina kynningarmiðstöðvar listgreina en hins vegar hefur verið unnið að því að einfalda stuðningskerfi menningar og lista með stefnumörkun þess efnis þvert á stjórnsýslu og atvinnulíf á Íslandi.

Í samantekt starfshóps forsætisráðherra um mótun tillögu um framtíðarstefnumótun og eflingu barnamenningar er ítarleg umfjöllun um sjóði á sviði menningarmála og kynningarmiðstöðvar listgreina. Í samantektinni er að auki fjallað um fyrirkomulag verkefna á sviði barnamenningar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í löndunum þremur fer stjórnsýslustofnun í umboði ráðherra með yfirumsýslu stofnana og sjóða sem starfa á sviði menningar og lista og barnamenning er samþætt starfsemi hinna ólíku stofnana og fagsjóða. Starfshópur forsætisráðherra tók ekki afstöðu til þess hvort setja eigi á fót stjórnsýslustofnun listgreina hér á landi en gerði tillögu um að samráðsvettvangi helstu aðila verði falið að vinna að tillögum um stefnumótun og framkvæmd á menningarstarfi fyrir börn og ungmenni sem hafi að markmiði að auðga bæði skólastarf og menningarlíf hér á landi. Í tillögum samráðsvettvangsins verði m.a. lögð áhersla samþættingu barnamenningar við starfsemi opinberra menningarstofnana og miðstöðva listgreina annars vegar og við skólastarf hins vegar. Í samræmi við Menningarsókn 2030 – aðgerðaáætlun og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar lagði starfshópurinn til að komið verði á fót Miðstöð barnamenningar sem falin verði yfirstjórn með barnamenningarverkefninu List fyrir alla og starfsemi Barnamenningarsjóðs Íslands. Byggir þessi þingsályktunartillaga m.a. á tillögu starfshópsins.

V. NÁNAR UM AÐGERÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2024–2028

A. Stefnumótun og stjórnsýsla verkefna á sviði menningar og listsköpunar barna og ungmenna.

A.1. Samráðsvettvangur um menningu og listsköpun barna og ungmenna.

Lagt er til að ráðherra sem fer með menningarmál skipi samráðsvettvang ráðuneyta, menningarstofnana og sveitarfélaga um stefnumótun. Í tillögum samráðsvettvangsins verði m.a. lögð áhersla samþættingu barnamenningar við starfsemi opinberra menningarstofnana og miðstöðva listgreina annars vegar og við skólastarf hins vegar. Gert er ráð fyrir að starfsmaður Miðstöðvar barnamenningar sem fjallað er um í aðgerð A.2. eigi í sæti í samráðsvettvanginum, sjái um umsýslu hans og samskipti við ráðuneyti menningarmála.

A.2. Miðstöð barnamenningar.

Lagt er til að Miðstöð barnamenningar verði komið á fót og falin yfirumsjón með starfsemi barnamenningarverkefnisins List fyrir alla og Barnmenningarsjóðs Íslands. Gert er ráð fyrir að ráðherra sem fer með menningarmál skipi fimm manna stjórn miðstöðvarinnar til fjögurra ára. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa, Bandalag íslenskra listamanna einn fulltrúa og Umboðsmaður barna einn fulltrúa. Ráðherra skipi tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður. Ráðherra skipi framkvæmdarstjóra sem veitir miðstöðinni forstöðu og ráði sérfræðing til starfa á skrifstofu miðstöðvarinnar.

B. Framboð lista, menningar og listfræðslu fyrir börn og ungmenni.

B.1. Barnamenningarverkefnið List fyrir alla.

Lagt er til að barnamenningarverkefnið List fyrir alla verði varanlegt verkefni og verði starfrækt hjá Miðstöð barnamenningar sem fjallað er um í aðgerð A.2. Meginhlutverk verkefnisins verði að stuðla að virkum tengslum skólastarfs og menningar- og listalífs. Fulltrúi verkefnisins taki þátt í starfi samráðsvettvangs um menningu barna og ungmenna sem fjallað er um í aðgerð A.1. Verkefnið leggi höfuðáherslu á listir og menningu fyrir börn og með börnum.

B.2. Valnefnd barnamenningarverkefnisins List fyrir alla.

Lagt er til að í tengslum við barnamenningarverkefnið List fyrir alla verði starfrækt þriggja manna valnefnd fagfólks sem árlega velji listverkefni sem er miðlað til skóla. Valnefnd verði skipuð til tveggja ára í senn og skal hún setja sér skýr viðmið og vinnureglur um val verkefna. Valnefnd skal gæta þess að viðburðum tengdir öllum listgreinum sé miðlað á vegum List fyrir alla.

C. Barnamenningarsjóður Íslands.

C.1. Markmið og hlutverk Barnamenningarsjóðs Íslands

Lagt er til að Barnamenningarsjóður Íslands, sem stofnaður var með þingsályktun nr. 32/148, verði varanlegur sjóður og njóti framlaga af fjárlögum. Barnamenningarsjóður hafi að markmiði að fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Jafnframt verði lögð áhersla á verkefni sem efli samfélagsvitund og stuðli að lýðræðislegri þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og verkefni er stuðli að innleiðingu barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Barnamenningarsjóður taki jafnframt virkan þátt í starfi samráðsvettvangs um menningu barna og ungmenna sem fjallað er í aðgerð A.1.

Lagt er til að ráðherra sem fer með menningarmál skipi fimm manna stjórn sjóðsins og fimm varamenn til ársloka 2028. Einn fulltrúi verði skipaður samkvæmt tillögu frá forsætisráðherra, einn samkvæmt tillögu frá embætti umboðsmanns barna, einn samkvæmt tillögu frá Bandalagi íslenskra listamanna og einn samkvæmt tillögu frá ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Ráðherra sem fer með menningarmál skipi formann sjóðstjórnar og setji reglur um starfsemi sjóðsins, sem birtar verði í Stjórnartíðindum. Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands, sjái um umsýslu og vörslu sjóðsins.

D. Eftirfylgni, mat á árangri og endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

D.1. Eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd.

Lagt er til að ráðuneyti menningarmála beri ábyrgð á samhæfingu vegna framkvæmdar aðgerðaáætlunar þessarar og eftirfylgni með henni. Aðilar sem bera ábyrgð á aðgerðum í áætluninni verði árlega, og oftast ef þurfa þykir, boðaðir til samráðsfundar um framvindu aðgerðanna. Mælikvarði um menningarneyslu sem er hluti af velsældarvísunum stjórnvalda verði hafður til hliðsjónar við mat á eftirfylgni aðgerða.

D.2. Endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

Lagt er til að ráðherra sem fer með menningarmál leggi aðgerðaáætlun fyrir árin 2028–2032 fyrir Alþingi eigi síðar en að fjórum árum liðnum. Ráðuneyti menningarmála vinni að áætluninni og byggji á tillögum samráðsvettvangs menningarstofnana um stefnu um barnamenningu í samræmi við aðgerð A.1.